FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Inngangur að framhaldsskóla
Námsgrein:	Inngangur að framhaldskóla
Viðfangsefni:	Haustönn
Skammstöfun:	INGF1HÖ01
Þrep:	1
Einingafjöldi:	1
Lýsing:	Áfanginn er ætlaður nýnemum sem eru að stíga sín fyrstu skref í framhaldsskóla. Áhersla er lögð á að nemendur aðlagist nýju skólastigi og skólaumhverfi og átti sig á þjónustu, úrræðum og námskröfum skólans. Markmið áfangans er að vekja nemendur til vitundar um eigin markmið og framtíðaráætlanir og að þeir beri sjálfir ábyrgð á námi sínu og framtíðaráætlunum. Þetta er fyrri áfanginn af tveim.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • námsframboði skólans • skólaumhverfinu, starfsemi skólans og þeim reglum sem þar gilda • árangursríkum vinnubrögðum, gagnsemi tímaskipulags og markmiðssetningar • tölvukerfum skólans • þeim vinnubrögðum sem tíðkast í framhaldsskólanámi eins og t.d. heimildavinnu • mikilvægi námsferilsáætlanna • þeirri þjónustu og úrræðum sem skólinn býður uppá. • því félagslífi sem í boði er • margvíslegri tækni sem stutt getur við nám og þeim reglum sem fylgja notkun þeirra
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nýta þjónustu og úrræði skólans, þ.m.t. að leita aðstoðar ef þörf er á • gera námsferilsáætlun, velji áfanga og haldi utan um eigin námsferil • fara eftir settum reglum og taka ábyrgð á gerðum sínum • nýta tíma sinn vel og tileinka sér árangursríkar námsaðferðir • nýta sér það félagslíf sem er í boði • skipuleggja tíma sinn og nám og setja sér markmið • nýta viðeigandi tækni sem styður við nám, þegar það á við • noti tölvukerfi skólans
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

	• fylgja námsferilsáætlun sinni og velja sér námsleið sem hentar • ganga vel um eigur skólans og fylgja reglum hans • skipuleggja eigin tíma og nám • vera virkur þátttakandi í félagslífi skólans • vera ábyrgur og sjálfstæður nemandi í framhaldsskóla • sína ábyrga notkun við nýtingu á tækni við nám
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.